

Sp.

887. Nefndarálit

[235. mál]

um till. til þál. um gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneyti og Búnaðarfélagi Íslands.

Í umsögn landbúnaðarráðuneytisins segir m.a.:

„Ráðuneytið tekur undir með háttv. flutningsmanni að þörf sé á áætlun um uppbyggingu loðdýraræktar hér á landi. Ráðuneytið hefur áður gert áætlanir um uppbygginguna en síðla á árinu 1985 kom í ljós að hún mundi verða enn örari en gert var ráð fyrir. Þess vegna skrifaði ráðuneytið Bygðastofnun bréf, dags. 29. okt. 1985, þar sem þess er óskað að Bygðastofnun annist endurskoðun áætlana miðað við breyttar forsendur.

Með bréfi, dags. 18. nóv. 1985, svarar Bygðastofnun og ákveður að taka verkið að sér. Til ráðuneytis hafa verið kallaðir fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. loðdýraræktenda, Samtökum fódurstöðva, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og landbúnaðarráðuneytinu. Auk þess hefur verið leitað til annarra aðila eftir því sem þurft hefur.

Miðað við framanskráð lítur ráðuneytið svo á að gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar sé þegar langt komin.“

Nefndin er þeirrar skoðunar að mikil þörf sé á áætlun um skipulag loðdýraræktar og að sú áætlun komist í framkvæmd sem fyrst. Með tilvísun til þess sem fram kemur í umsögn landbúnaðarráðuneytisins um slíka áætlun leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Þórarinn Sigurjónsson,
frsm.

Kristín Halldórsdóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Eggert Haukdal.

Björn Dagbjartsson.